

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. ágúst 2009
Tilvísun: UST20090700068/þek

Framleiðsluaukning í álveri Alcoa Fjarðaáls. Beiðni um umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 9. júlí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Í erindinu kemur m.a. fram að framleiðsluaukningin sem tilkynnt er um, er úr 346.000 t/ári í 360.000 t/ári en það er u.þ.b. 4% framleiðsluaukning. Helsta breytingin sem tilkynnt er um, hvað mengun varðar, er þó notkun á nýjum brennisteinsríkari skautum í öllu álverinu. Samkvæmt samanburði á töflum 4.2 og 4.3 á bls. 14 í fyrirspurn um matsskyldu eykst losun á SO₂ í heild úr 4595 t/ári í 6502 t/ári eða um rúmlega 40%. Losun á rykbundnu flúoríði í heild eykst um 16% og losun á HF eykst um 11%. Því er ljóst að hér er verið að fjalla um mun stærra mál hvað einstaka þætti mengunar varðar, en sem nemur framleiðsluaukningunni einni og sér. Ekki er þó gerð ítarleg grein fyrir þessum breytingum að öðru leyti en að þess er getið að horfur á heimsmarkaði bendi til að farið verði að nota skaut með heldur hærra brennisteinsinnihaldi en hefur verið til þessa.

Umhverfisstofnun bendir á að þegar lögð er fram fyrirspurn um matsskyldu er mikilvægt að framlögð gögn gefi sem gleggsta mynd af fyrirhuguðu verkefni. Stofnunin bendir á verulegt misræmi í framlagðri skýrslu en í texta kemur fram að mengun aukist sem nemur aukinni framleiðslu, eða 4%. Hins vegar sýna töflur í skýrslunni að SO₂ mengun eykst um rúmlega 40%.


Við fyrirhugaða framleiðsluaukningu er gert ráð fyrir mikilli aukningu á losun brennisteinsdíoxíðs og er ljóst að sólarhringsstyrkur gróðurverndarmarka og klukkutímastyrkur heilsuverndarmarka fer yfir þau styrkmörk sem getið er um í reglugerð 251/2002 ef ekki koma til frekari mengunarvarnir Reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings hefur að geyma skýrar reglur um styrk


Þessara loftegunda í andrúmslofti og heimildir til handa starfsleyfisútgefanda til að setja skilyrði hvað varðar mengunarvarnir. Umhverfisstofnun telur þó líklegt að áhrif aukinnar losunar á loftgæði í Reyðarfirði kunni að verða talsvert neikvæð. Umhverfisstofnun telur að bregðast verði við hugmyndum framkvæmdaaðila um aukningu á losun með viðeigandi mengunarvörnum í samræmi við framangreinda reglugerð og starfsleyfisreglugerð.

Umhverfisstofnun hefur þegar móttengið umsókn frá Alcoa Fjarðaráli um breytingu á starfsleyfi vegna framangreindar stækkunaráforma og verður vinna hafin við yfirferð þeirrar umsóknar þegar ákvörðun um matskyldu liggur fyrir. Umhverfisstofnun mun við ákvörðun um útgáfu nýs starfsleyfis taka afstöðu til notkunar á nýjum brennisteinsríkari skautum og viðeigandi mengunarvarnir í samræmi við fyrrgreinda reglugerð og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar varða, að mati Umhverfisstofnunar, einkum hugmynd notkun á brennisteinsríkari skautum. Stofnunin telur rétt að tekið verði á þeim álitaefnum við vinnslu starfsleyfis. Með vísun til ofangreinds telur Umhverfisstofnun að hin tilkynnta framkvæmd muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum enda gerir stofnunin ráð fyrir að tekið verði á mengunarvörnum hvað varðar loftgæði í starfsleyfi.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Þorsteinn Jóhannsson
Sérfræðingur